Að myrða óttann

VÖRULYFTAN
HAROLD PINTER
ÍSLENSKA LEIKHÚSIÐ
★★★★



LEIKHÚS

FRIÐRIKA BENÓNÝS


Hvað erum við eiginlega að flækjast á þessari jarðkringlu? Er lífið eitthvað annað og meira en endalaus bið eftir einhverjum Godot sem á að útskýra fyrir okkur tilgang okkar og hlutverk? Hver stjórnar þessu fáránleikaleikhúsi sem við lifum og hrærumst í og köllum daglegan veruleika? Hver stendur á bak við skipanirnar að ofan sem stjórna öllu okkar lífi? Hver skipar í hlutverkin? Og hvaðan í ósköpunum kemur þessi innihaldslausi texti sem við tönnlumst á ár út og ár inn og köllum samræður? Erum við ekki öll lokuð inni í aflóga eldhúsi þar sem ekkert virkar nema vörulyftan sem færir okkur óskiljanleg skilaboð og pantanir að ofan? Lokuð inni með ótta okkar og hugleysi, grimmd og vanmátt og óvissuna um það hvert raunverulegt hlutverk okkar sé?

Þessar og þvílíkar spurningar vakna á sýningu Íslenska leikhússins á Vörulyftu Pinters í Hinu húsinu. Vakna og ásækja mann en er ekki svarað. Því Pinter er ekki maður predikana og landsföðurlegra ábendinga. Hann bara tekur manneskjuna í allri sinni nekt og stillir henni upp á sviðið og lætur okkur eftir að dæma um það hver hún er og hvert hún er að fara. Og hún er bara venjuleg manneskja, án takmarks og tilgangs, áttavillt og ringluð í leit sinni að réttu hlutverki. Að merkingu og dýpt og tilgangi.

Þeir Ben og Gus í Vörulyftunni eru ekki stórir kallar. Þó eiga þeir sér hlutverk í lífinu. Það hlutverk að vera til taks og framkvæma það sem Herranum þóknast að láta þá gera í það og það skiptið. Þeir eru ósýnilegir ferðalangar á stöðugum flækingi frá borg til borgar og mega ekki einu sinni vera að því að skreppa á völlinn. Þeir hafa starfað saman í mörg ár og þykjast þekkja hvor annan út og inn, en eru þó í órafjarlægð hvor frá öðrum og þora ekki að nálgast af ótta við að uppljóstra veikleikum sjálfra sín. Eða kannski þeir séu einn og hinn sami, tvær hliðar á sama peningi þar sem hvorug hliðin vill af hinni vita. Það skiptir ekki öllu máli hverjir þeir eru, þeir eru táknmynd okkar allra, þín og mín og allra hinna sem höldum dauðahaldi í okkar hlutverk, þótt við vitum í raun ekkert um það hver þau eru.

Það hafa verið skrifaðar ófáir doðrantar um texta Pinters, merkingu hans og óræðni, tengsl við leikhús fáránleikans, dulda merkingu o.s.frv. o.s.frv. En mér persónulega finnst mesta afrek hans sem textasmiðs vera það hve nátengdur textinn er persónunni sem túlkar hann. Það skiptir öllu hvernig með hann er farið. Og þagnirnar og það sem ósagt er skiptir jafnvel meira máli en það sem sagt er. Og túlkunin komin undir skilningi hvers og eins. Og tengist alltaf beint í æð því hráa og ólokna við það að vera manneskja. Og hittir mann beint í hjartað. Einkum í eins frábærri túlkun og getur að líta í Hinu húsinu þessa dagana. Þeir Þórarinn Eyfjörð og Halldór Björnsson eiga undir stjórn Péturs Einarssonar sannkallaðan stjörnuleik í þessum hlutverkum. Það er hrein unun að sjá svona vinnu. Og þótt þeir spili óspart á hláturtaugar áhorfenda er undirtónninn dimmur. Óttinn og öryggisleysið allsráðandi og heltekur áhorfendur líka vegna hinnar miklu nálægðar. Og maður samsamar sig persónunum og skilur svo vel að það er engin önnur útleið en að myrða óttann. Verst hvað hann gengur hastarlega aftur, eða hvað?


„Þeir Þórarinn Eyfjörð og Halldór Björnsson eiga undir stjórn Péturs Einarssonar sannkallaðan stjörnuleik í þessum hlutverkum.“



Umgjörð sýningarinnar er einstök. Leikmyndin er nánast fyrir hendi í þessu yfirgefna eldhúsi, en Gunnar Borgarsson hefur af hugviti bætt því við hana sem á vantar. Lýsing Sigurðar Guðmundssonar eykur á áhrifin og spennuna og hljóðmynd Hilmars Arnar rammar sýninguna inn, svo að hvergi sér hnökra. Og maður stendur upp dasaður og stjarfur og hugsar bara váááá, svona á að leika Pinter.

Gleðisnauðir gleðigjafar

GLEÐIGJAFARNIR
NEIL SIMON
LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR
★★



Það er gömul klisja að þeir sem hafa atvinnu af því að skemmta fólki séu allra manna fúllyndastir og leiðinlegastir heima fyrir. Og ekki eru þeir Alli og Villi í leikriti Neils Simon neinir sólskinsdrengir heim að sækja. Villi býr einn í eins herbergis íbúð og hefur lítið við að vera annað en svara sjónvarpsröddunum og agnúast út í ónýtan afruglara. Alli býr í kjallaraherbergi hjá dóttur sinni í Hveragerði, og þykist sáttur við sitt hlutskipti, en ólgar þó af þvermóðsku undir niðri. Þessir heiðursmenn voru á yngri árum vinsælustu skemmtikraftar landsins og störfuðu saman hátt í hálfa öld. En nú eru þeir flestum gleymdir, bitrir og einmana. Þegar bróðursonur Villa kemur því til leiðar að þeir eru beðnir um að koma fram í skemmtiþætti um sögu gamanleiklistar á Íslandi neyðast þeir til að hittast og tala saman, þótt þeir hafi að fullu skilið að skiptum fyrir ellefu árum. Þeir endurfundir verða ekki sérlega gleðiríkir, en þrátt fyrir allt nöldrið og skítkastið eru þeir þó hvor öðrum háðir og geta að lokum mæst í heimi minninganna sem enginn á lengur nema þeir tveir.

Neil Simon hefur hér í höndunum frábært efni í grátbroslegan gleðileik með harmrænu ívafi, en heldur þótti mér halla á harmræna þáttinn í sýningu Leikfélagsins á verkinu. Öll áhersla lá á húmornum, sem vissulega er góður, svo að sá mannlegi harmleikur sem verkið í raun og veru fjallar um fór fyrir ofan garð og neðan og verkið missti töluvert af dýpt sinni. Leikstjórinn og þýðandinn Gísli Rúnar Jónsson hefur valið þá leið að láta hið grátlega skína í gegnum hláturinn, en hláturinn verður of fyrirferðarmikill og kæfir grátinn. Kannski bara gott mál, því hver þarfnast gráts á þessum krepputímum? Flestir fá sjálfsagt nóg af honum á öðrum vettvangi og eru guðs fegnir að losna við hann í leikhúsinu. En ég held samt að meiri áhersla á harmleikinn hefði magnað gleðina og gert hláturinn dýpri en ella.

Þýðing Gísla Rúnars og heimfærsla upp á íslenskan veruleika hefur tekist mjög vel. Þeir félagar Alli og Villi eru fyllilega trúverðugir sem íslenskir leikarar frá tímum revíanna, enda mjög vel túlkaðir af þeim snillingum Bessa Bjarnasyni og Árna Tryggvasyni. Raunar eru þeir orðnir slíkir gleðigjafar í hugum íslenskra áhorfenda að það eitt að sjá þá á sviðinu vekur ósjálfrátt hlátur. Það er því ekki auðvelt hlutskipti fyrir Guðmund Ólafsson að vera sá eini af öðrum leikurum í sýningunni sem hefur hlutverk sem eitthvað mæðir á í samleik við þá félaga. Enda er samanburðurinn honum mjög í óhag og veldur því að þótt hann geri ýmsa góða hluti virkar hann stífur og ósannfærandi í hlutverki Benna bróðursonar og umboðsmanns.

Öll önnur hlutverk eru bara skissur og krefjast ekki mikillar túlkunar, en þau Steindór Hjörleifsson, Pétur Einarsson, Ellert A. Ingimundarson, Björk Jakobsdóttir og Guðrún Ásmundsdóttir teikna öll heillega mynd úr skissunum og gera þessar persónur lifandi. Og Hemmi Gunn er náttúrulega auðvitað bara Hemmi Gunn, enda í hlutverki sjálfs sín.

Leikmynd Steinþórs Sigurðssonar er hefðbundin stofudramaleikmynd og meira að segja mjög nákvæmnisleg sem slík. Það er heil íbúð á sviðinu, með öllu því sem einni íbúð fylgir, jafnvel í minnstu smáatriðum. Búningar hans eru líka raunsæislegir og venjulegir, nema í leikþætti þeirra Alla og Villa í sjónvarpsþættinum, þar sem þeir eru óþarflega ýktir og stílfærðir (læknir í trúðsgervi, til hvers?). Lýsing Elfars Bjarnasonar er að sama skapi raunsæisleg og venjuleg og bætir hvorki við né dregur frá, hún bara er.

Það er sem sé boðið upp á ágætis afþreyingu í Borgarleikhúsinu þessi kvöldin og ekki að efa að þar á margur eftir að hlæja hjartanlega, en án þeirra Bessa og Árna er ég hrædd um að sýningin yrði ansi snautleg.

„Það á margur eftir að hlæja hjartanlega í Borgarleikhúsinu, en án þeirra Bessa og Árna er ég hrædd um að sýningin yrði ansi snautleg.“

Íslensk grafík kemur ekki á óvart

FÉLAGIÐ ÍSLENSK GRAFÍK, NORRÆNA HÚSINU
RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR, KJARVALSSTÖÐUM
Í stuttu máli: Ládeyða í grafíklist um þessar mundir, með mikilvægum undantekningum: Ragnheiður Jónsdóttir.



MYNDLIST

GUNNAR ÁRNASON

Í Norræna húsinu hefur félagsskapur grafíklistamanna, Íslensk grafík, sett upp sýningu á verkum félagsmanna í tilefni af því að félagið var stofnað fyrir tuttugu og fimm árum, 1969. Félagið hefur aðallega fengist við að sjá um sýningar, einkum á verkum félagsmanna, bæði hér á landi og annars staðar. Það hefur einnig reynt að kynna landsmönnum grafíklistina með útgáfu kynningarrita og með grafíkmöppum. Nú stendur loks til að félagið komi sér upp grafíkverkstæði í húsnæði við Tryggvagötu. Þetta er augljóslega mjög brýnt verkefni ef grafíklist á að vaxa og dafna hér á landi, því félagsmenn eru orðnir 51 talsins og það er engin leið að hver einasti maður geti komið sér upp fullkomnu verkstæði á eigin spýtur. Svo má ekki gleyma þeim fjölmörgu listamönnum, einkum málurum, sem vinna stöku sinnum grafíkmyndir ef tækifæri gefst til.


Grafík átti mjög upp á pallborðið hjá almenningi um skeið, fyrir svona tíu til fimmtán árum, en hvort það var beinlínis fyrir áhrif grafíkfélagsins er erfitt að segja. En þessi áhugi kemur ekki á óvart af öðrum ástæðum. Það hefur alltaf verið hefð hjá Íslendingum að kaupa listaverk fyrir heimilið og grafík kom inn í myndina þegar landsmenn stóðu frammi fyrir ótölulegum fjölda auðra, hvítmáðra veggja, eftir hamslausa byggingarástríðu landsmanna. Grafíklistamenn buðu upp á tiltölulega ódýra, fjöldaframleidda „orginala“, sem voru hæfilega nýtískulegir og mátulega stórir í sniðum. Grafíkin kom mönnum fyrir sjónir sem mjög lýðræðislegt listform, sem gaf flestum tækifæri til að eignast sína litlu hlutdeild í listrænum auði þjóðarinnar. Og fyrir þá fjölmörgu listkaupendur sem voru ekki allt of vissir í sinni sök í listrænum efnum virtist grafík nokkuð örugg fjárfesting, því hún krefst tæknilegrar kunnáttu, leikni og endalausrar þolinmæði.

Nú hefur þessi áhugi dvínað eitthvað og það er heldur ekki sami krafturinn og sjálfstraustið hjá grafíkmönnum sýnist mér. Sýningin í Norræna húsinu hefur a.m.k. ekki að geyma óvænt undrunarefni og eitthvað skortir á listræna endurnýjun. Grafíklistamenn eru að fást við svipuð mótíf, hugmyndir og aðferðir og lengi hafa tíðkast. Það er töluvert um expressjónísk vinnubrögð; rispur, krot og æðaberar trjáplöntur að hætti Munchs, en smágerðar og vandasamar mezzotintur og ætingar höfða síður til listamannanna. Ýmislegt er þó ágætlega gert. Sigrid Valtingojer er með þrjár vetrarmyndir í blágrænum skammdegistónum unnar með ætingar- og akvatintuaðferð. Það bregður fyrir malerískum tilþrifum hjá Ingiberg Magnússyni og Valgerði Hauksdóttur. Dröfn Friðfinnsdóttir er með athyglisverðustu grafíklistamönnum okkar um þessar mundir. Dröfn sýnir tvær myndir, unnar með djúpum litum á tréplötur, dulúðugar og myrkar sálarsýnir.

Sýningin veitir ekki heildaryfirlit yfir grafík hér á landi, það vantar nokkra sem hafa verið drjúgir á þessu sviði og má þar nefna t.d. Daða Guðbjörnsson. Ljósmyndatæknin er líka viðsfjarri á sýningunni, en það er töluvert um að grafíklistamenn hafi sameinað ljósmyndatækni og grafíktækni í myndum sínum. Meðal íslenskra listamanna sem hafa unnið á þessu sviði má nefna t.d. Börk Árnason og Magnús Kjartansson.

Ekki er hægt að láta hjá líða að minnast á Ragnheiði Jónsdóttur, því nú stendur yfir sýning á kolateikningum hennar á Kjarvalsstöðum. Ragnheiður ætti að vera flestum landsmönnum að góðu kunn fyrir grafíklist sína, en hún er aðeins með eina mynd á sýningu grafíkfélagsins, úr seríu sem hún byggði á Völuspá. Þar sést vel hvernig hún notfærir sér til hins ýtrasta möguleika tækninnar án þess að myndin fái alltof grafíkmyndalegt útlit; tæknin hverfur inn í myndina.

Kolateikningar Ragnheiðar á Kjarvalsstöðum koma í rökréttu framhaldi af þessari seríu og þar er eins og hún hafi fundið einhvern neista sem hefur virkilega kveikt sköpunarákafa hennar. Hún velur sér stórt format — einn og hálfur sinnum tveir til þrír metrar — og hún æðir um flötinn eins og eldibrandur. Maður finnur þó vel fyrir hinni öguðu sjálfsstjórn sem hún hefur tamið sér í grafíkinni. Myndirnar hafa fótógrafískt yfirbragð grófkornaðra ljósmynda þar sem sköpuð er dýpt með því að hafa suma hluta myndarinnar úr fókus. Þetta gerir myndirnar ókyrrar og það er engin skýr tilfinning fyrir yfirborði eða föstum massa. Öll verkin eru án titils og það er erfitt að henda reiður á hvort þær eru af einhverju sérstöku, en það er hægt að láta sér detta í hug mosagróður, og kvikan í myndunum gæti leitt ímyndunaraflið að míkróskópísku plasmaflæði. Það er ánægjulegt að sjá þessa vönduðu grafíklistakonu sýna svo afdráttarlaus tilþrif í svartlistinni.



Nafnlaus kolateikning eftir Ragnheiði Jónsdóttur.